



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 7. október 2013 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður og Egill Sigurgeirsson. Herdís Matthíasdóttir boðaði
forföll. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B.
Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1209011 – Gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi.

Lögð fram til samþykktar gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Reykhólahreppi.

Grunnur að gatnagerðargjaldi fer eftir útreikningi Hagstofu Íslands á grundvelli laga
nr. 42/1987. Í október 2013 er þessi viðmiðun 185.536 kr/m² og uppfærast
mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar. Grunnvísitalan
er 118,7 stig. Nefndin gerir tillögu um að við útreikning á gatnagerðargjaldi verði
hlutföll eftirfarandi:

Grunnviðmiðun	185.536	Hlutfall	Fjárhæð
Einbýlishús		8,00%	14.843 kr/m ²
Rað-, par- og fjöleignarhús (2-6 íb.)		7,00%	12.988 kr/m ²
Fjöleignarhús (> 6 íb.)		6,00%	11.132 kr/m ²
Annað húsnæði		4,50%	8.349 kr/m ²

*Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi lögð fram til samþykktar. Nefndin
samþykkir gjaldskrána í einu hljóði.*

2. 1309040 – Ljósleiðaralögn frá tengivirki í Geiradal að tækjahúsi Milu í Króksfjarðarnesi.

Erindi frá verkefnisstjóra Orkufjarskipta dagsett 24. september 2013, ásamt
umsögnum og leyfum frá landeigendum og helstu stofnunum.

Nefndin fór yfir fyrirbyggjandi gögn og er erindið samþykkt samhljóða.

3. 1209009 – Búfjarsamþykkt fyrir Reykhólahrepp.

Umsögn Bændasamtaka Íslands, sent af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti 25.
september 2013.

*Nefndin fór yfir umsögn Bændasamtaka Íslands. Byggingafulltrúa er falið að útbúa
uppdrátt af þéttbýlissvæðinu á Reykhólum þar sem lausaganga búfjár verður bönnuð,
á honum komi fram hvar vörslulínur liggja. Þessi uppdráttur mun fylgja
búfjarsamþykkt. Greinargerð vegna gjaldskrár fyrir sérstakt búfjárefirlit hefur verið*

send atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, nefndin samþykkir að birt verði frekari sundurliðun á gjaldinu í gjaldskránni. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við umsögn Bændasamtaka Íslands til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

4. 1309004 – Málefni Þörungaverksmiðjunnar.

Nefndin ræddi aðkeyrslu að Hafnarslóð. Norður & Co hefur hefur komið fyrir því efni sem til hefur fallið við byggingu saltverksmiðjunnar. Byggingafulltrúa er falið að reikna út kostnað við að klára aðkeyrslu fyrir næsta fund og verður málið rætt út frá þeim forsendum.

Búið er að athuga með verð á lýsingu við stiga á höfninni. Fyrir liggur að nokkurt mál verður að koma ljósunum fyrir.

Þá var rætt um landkapalstengingu og kröfu um lekaliða, upplýsingum hefur verið komið til rafvirkja og er málið í skoðun.

Nefndin tekur til endurskoðunar lokun á hafnarsvæði þegar landað er úr Gretti. Nefndin mun vinna að því að útbúa samkomulag um aðgengi að höfninni þegar löndun á sér stað.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

5. 1310001 – Framkvæmdir við aðgengi að stjórnsýsluhúsi.

Byggingafulltrúi lagði fram tillögu að lóðarframkvæmdum við stjórnsýsluhús. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2014.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____